

**Ed.**

**93. Frumvarp til laga**

**[90. mál]**

um breytingu á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:  
Hæstarétt skipa átta dómara. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

2. gr.

3. málslíður 2. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:  
Þrír dómara geta skipað dóm í opinberu máli, ef hin almenna refsing, sem við broti liggur, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að sex árum.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú forfallast hæstaréttardómari frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra þá, að fengnum tilögum dómsins, dómara í hans stað, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, héraðsdómara eða hæstaréttarlögmann, sem fullnægi skilyrðum til að vera skipaður dómari í Hæstarétti. Er rétt, að setningin gildi, hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skylt er nefndum aðilum að taka við setningu.

Nú er dómari settur til að gegna störfum í Hæstarétti í mánuð eða lengur, og skulu laun hans þá vera hin sömu og hinna reglulegu hæstaréttardómara. Ella ákveður Hæstiréttur þóknun fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómi eða úrskurði.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslíð. Hæstaréttaritari skal fullnægja almennum dómarskilyrðum.

5. gr.

Í stað orðanna „200 þúsund krónur“ í 2. mgr. 13. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 24/1979, komi orðin: 7.000 krónur.

6. gr.

Aftan við 20. gr. laganna bætist:

Forseti Hæstaréttar kveður til þrjá dómendur, er taka ákvörðun um slík meðmæli, svo og meðmæli samkvæmt 16. gr.

7. gr.

Í stað orðanna: „sekt að fjárhæð 200—4.000 krónur“ í niðurlagi 21. gr. laganna komi: allt að 2.000 króna sekt.

8. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Alla dóma Hæstaréttar og öll ágreiningsatkvæði skal birta orðrétt í dómasafni hans. Dóma og úrskurði héraðsdóms í sömu málum skal og birta orðrétt eða úrdrátt úr þeim, þar sem slíkt er talið nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Rækileg efnisskrá skal fylgja hverju bindi hæstaréttardóma. Hæstiréttur felur einhverjum hæstaréttardómara eða öðrum hæfum manni að annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þóknun, sem dómurinn ákveður.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1982.

Ákvæði 5. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Árin 1982 og 1983 getur dómsmálaráðherra samkvæmt tillögum Hæstaréttar sett tvo til þrjá dómara úr hópi þeirra manna, sem greindir eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, til viðbótar hinum reglulegu dómurum allt að sex mánuðum hvort ár.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er samið af dómurum Hæstaréttar eftir viðræður við dómsmálaráðherra. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Fjöldi mála, sem skotið er til Hæstaréttar hefur verið þessi síðustu árin. Árið 1974 223, 1975 185, 1976 244, 1977 240, 1978 224, 1979 221 og 1980 250.

Einkamál hafa jafnan verið miklu fleiri en opinber mál. Síðasta árið hefur þó verið áfrýjað mun fleiri opinberum málum en áður, og fjöldi þeirra mála á þessu ári verður meiri en nokkru sinni fyrr. Kærumálum hefur og fjölgað síðustu árin.

Dæmd mál alls árin 1974 til 1980 voru sem hér segir: 1974 127, 1975 141, 1976 141, 1977 159, 1978 171, 1979 167 og 1980 168. Við samanburð á tölum yfir mál, sem skotið hefur verið til Hæstaréttar og tölum yfir dæmd mál verður að hafa það í huga, að gagnsakir svokallaðar eru innifaldar í áfrýjuðum málum, en þær eru síðan sameinaðar aðalsökum. Þá eru ávallt nokkur mál árlega, sem málsaðilar fella niður og ganga því ekki til dóms. Munurinn á málafjölda þeim, sem skotið er til Hæstaréttar og dæmdum málum þar, er því ekki eins mikill og framangreindar tölur gefa til kynna. Samt sem áður fjölgar þeim málum með ári hverju, sem bíða dóms og má segja, að stefni í algert óefni, ef ekki verður gripið til einhverra ráða. Það gefur e. t. v. einna gleggsta mynd af ástandinu að athuga hversu mikið þeim málum hefur fjölgað síðustu árin, sem eru tilbúin til málflutnings. Þá eru kærumál ekki meðtalin og gagnsakir hafa verið sameinaðar aðalsökum. Í september árið 1975 voru mál, sem voru tilbúin til flutnings, 74, í árslok 1978 voru þau 84, þar af 2 opinber mál, í árslok 1979 voru þau 120, þar af 2 opinber mál, en í lok síðasta árs voru þau 141, þar af 24 opinber mál. Í lok júní á þessu ári voru 144 mál tilbúin til flutnings, þar af 18 opinber mál.

Hjá ríkissaksóknara munu nú vera á milli 40 og 50 opinber mál til viðbótar, sem hefur verið áfrýjað og verið er að undirbúa til málflutnings.

Opinber mál eru að jafnaði látin hafa forgang og dæmd án verulegs dráttar, eftir að þau eru tilbúin til flutnings. Verði þeirri reglu haldið má ljóst vera, að þeim einkamálum, sem nú bíða flutnings, verður ekki lokið fyrr en á árinu 1983 við óbreyttar aðstæður. Þetta er allsendis óviðunandi. Skjót afgreiðsla dómsmála er höfuðnaðsyn í hverju réttarríki, en jafnframt verður að gæta hins fyllsta réttaröryggis. Ber því mikla nauðsyn til að bæta starfsaðstöðu Hæstaréttar, til þess að hann geti með skjótum og öruggum hætti leyst úr þeim mikla málafjölda sem þangað berst.

Ýmsar leiðir koma til greina til að stuðla að skjótari úrlausn mála fyrir Hæstarétti.

Á undanförunum árum hefur nokkrum sinnum verið lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um Lögréttu, en ekki fengið afgreiðslu. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir millidómstigi milli héraðsdóms og Hæstaréttar, sem yrði áfrýjunardómstóll í þeim málum, þar á meðal kærumálum, sem héraðsdómur dæmdi á fyrsta dómstigi, og kvæði þar upp endanlegan dóm, en fyrsta dómstigi í stærri málum, sem síðan mætti áfrýja til Hæstaréttar. Með stofnun slíks dómstóls yrði létt miklu álagi af Hæstarétti. Engu að síður er nauðsynlegt að leysa úr þeim vanda, sem nú er við að glíma vegna hins mikla fjölda óafgreiddra mála.

Með frumvarpi þessu er lagt til að dómendum Hæstaréttar verði fjölgað úr sjö í átta. Með því móti gæti dómurinn starfað í tveim deildum í senn, sem þriggja manna dómur, er dæmði kærumál og minni háttar áfrýjunarmál, og fimm manna dómur, sem dæmði meiri háttar mál. Þá er lagt til að Hæstiréttur fái að ráða sérfróða menn dómnum til aðstoðar eins og tíðkast víðast hvar annarsstaðar á Norðurlöndum. Þeir yrðu að sjálfsgöðu að vera lögfræðingar. Slíkt mundi mjög auðvelda störf dómara og auka vinnuafköst þeirra. Sem stendur eru engir slíkir sérfróðir aðstoðarmenn við réttinn. Þá er lagt til að lögleidd verði heimild til bráðabirgða til að setja tvo til þrjá varadómara allt að sex mánuðum á ári hvort ár árin 1982 og 1983. Mundi þá Hæstiréttur geta starfað í tveim fimm dómara deildum þann tíma. Svipað fyrirkomulag og þetta hefur tíðkast um nokkurn tíma í Finnlandi og var einnig í gildi í Noregi um skeið eftir stríðið. Rétt er að benda á, að þessari heimild er aðeins ætlað að gilda tvö ár. Að þeim tíma liðnum verður að taka málið til athugunar á ný.

Verður nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um fjölgun dómara. Vísast um það til athugasemda hér að framan. Þrátt fyrir dómara fjölgun þá, sem hér er mælt fyrir um, verða ákvæði 2. gr. a laga nr. 75/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, óbreytt, þannig að dóm skipa ýmist þrír, fimm eða sjö dómara. Við meðferð og afgreiðslu annarra mála en dómsmála er hinsvegar gert ráð fyrir að allir dómaramenn átta taki þátt í úrlausn máls nema öðruvísi sé kveðið á um. Er þá við það miðað, að atkvæði forseta dómsins ráði úrslitum, ef atkvæði verða jöfn.

#### Um 2. gr.

Hér er lagt til, að þrír dómara geti dæmt opinbert mál, þótt refsing, sem við broti liggur, sé allt að sex ára fangelsi. Í núgildandi lögum er markið miðað við tveggja ára fangelsi. Mál geta verið einföld, þótt refsing, sem við broti liggur, sé allt að sex ára fangelsi, sbr. einkum ýmis auðgunarbrot. Eru því gild rök fyrir því, að hækka mörkir, svo sem hér er lagt til. Á það skal bent, að í frumvarpinu er í þessu efni miðað við hin almennu refsimörk, frumrefsimörk, er við eiga um brot. Nú geta refsimörk hækkað t. d. vegna ítrekunar, og haggar það ekki því, að unnt er að dæma mál í þriggja manna dómi, ef frumrefsimörk eru eigi hærri en sex ára fangelsi. Þótt t. d. sé um að ræða ítrekað þjófnaðarbrot og jafnvel þótt vanaafbrotamaður eigi í hlut, þá standa refsimörk þau, sem greinir í 255. og 72. gr. almennra hegningarlaga, því eigi í vegi, að þrír dómara dæmi mál samkvæmt greinimarki frumvarpsins.

#### Um 3. gr.

Hér er mælt fyrir um varadómara og lagt til, að varadómara megi kalla til, þegar reglulegur dómari forfallast frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum. Það hefur ekki verið gert nema ekki séu nógu margir reglulegir dómara til að dómurinn verði fullskipaður til að dæma mál.

#### Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að heimila ráðningu sérfróðra aðstoðarmanna. Horfa mundi til mikilla bóta, þótt þar væri aðeins um að ræða einn lögfræðing. Á það skal bent, að hæstaréttarritari mundi ekki anna störfum sínum aðstoðarlaust þann tíma, sem dómurinn starfaði í tveim fimm dómara deildum.

#### Um 5. gr.

Hér er lagt til að áfrýjunarfjárhæð verði hækkuð úr 2.000,00 nýkrónum í 7.000,00 nýkrónur.

**Um 6. gr.**

Samkvæmt núgildandi reglum verða allir dómara Hæstaréttar að taka þátt í ákvörðun um, hvort leyfi til áfrýjunar máls skuli veitt. Þessi tilhögun er þung í vöfum og er lagt til að ákvörðunarvald um þetta verði í höndum þriggja dómara, er forseti Hæstaréttar kveður til.

**Um 7. gr.**

Hér er lagt til, að hækkuð verði fjárhæð sektar samkvæmt niðurlagsákvæði greinarinnar og tilgreind í nýkrónum.

**Um 8. gr.**

Dómar Hæstaréttar eru nú birtir orðrétt í dómasafni Hæstaréttar ásamt héraðsdómum. Með þessu ákvæði er lagt til, að heimilt sé að birta aðeins úrdrátt úr héraðsdómum, þar sem það er talið nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Mundi þetta geta minnkað útgáfukostnað dómasafnsins að einhverjum mun.

**Um 9. gr.**

Parfnast ekki skýringa.

**Um ákvæði til bráðabirgða:**

Rétt þykir að hafa heimildina til að setja viðbótardómara í ákvæði til bráðabirgða, þar sem hún á aðeins að gilda í tvö ár.